



Borgarráð

### ***Aðild að Cities Coalition for Digital Rights***

Lagt er til að Reykjavíkurborg sækji um og gerist aðili að bandalaginu Cities Coalition for Digital Rights. Borgarstjóri verði fulltrúi Reykjavíkurborgar í bandalaginu og sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs staðgengill hans.

#### **Greinargerð:**

Í takt við gríðarlegan vöxt á síðastliðnum áratug hefur hinn stafræni heimur smeygt sér inn á flest, ef ekki öll, svið mannglegrar tilveru. Er hinn stafræni heimur fyrirferðarmikill hluti af veruleika nær allra Íslendinga og verður senn órjúfanlegur hluti af daglegu lífi þeirra, hvort sem er í leik, námi eða starfi.

Á sama tíma og hinn stafræni heimur opnar fyrir okkur nýjar víddir, færir okkur nær hvort örðu og stuðlar að betri lífsgæðum á hann sér þó einnig dekkri hliðar. Á hverjum degi koma upp ný tilfelli um allan heim þar sem misvísandi og/eða röngum upplýsingum er dreift til að afvegaleiða umræðu á opinberum vettvangi, tjáningarfrelsið er ritskoðað; fylgst er með persónulegum upplýsingum, þar með talið ferðum okkar og samskiptum, og þeim deilt og/eða þær seldar án upplýsts samþykkis okkar; samfélagsmiðlar eru notaðir sem tæki til eineltis og hatursáróðurs; og grafið er undan lýðræðislegum ferlum og almenningsálitinu.

Framangreint er vísbending um vaxandi ef ekki aðkallandi þörf fyrir staðbundna forystu í borgum ekki síður en á landsvísu og alþjóðlegum vettvangi. Lýðræðslegar stofnanir þurfa að tryggja í samskiptum sínum við borgarana að stafrænt umhverfi og stafrænar þjónustur verndi og viðhaldi stafrænum réttindum þeirra.

Cities Coalition for Digital Rights tengir saman borgir sem hafa skuldbundið sig til að nýta tæknina til að bæta líf fólks og styðja samfélög í borgum með því að veita áreiðanlega og örugga stafræna þjónustu og byggja upp trausta upplýsingatækniinnviði. Bandalagið var stofnað í nóvember 2018 af borgunum Amsterdam, Barselóna og New York en nú þegar eru yfir 50 borgir um allan heim skráðar sem fullgildir aðilar.

Reykjavíkurborg hefur lagt upp í metnaðarfulla stafræna vegferð sem miðar að því að umbylta allri þjónustu borgarinnar á næstu 3-5 árum. Gerist Reykjavíkurborg aðili að bandalagi borga innan Cities Coalition for Digital Rights mun hún sameinast öðrum borgum í gagnrýnni umræðu á alþjóðavettvangi og skuldbinda sig til að tala fyrir og verja með markvissum aðgerðum stafræn réttindi borgaranna sinna og leysa stafrænar áskoranir á lagalegum og siðferðislegum grunni sem undirbyggja grundvallar mannréttindi þeirra í hinum

stafræna heimi.

Sameiginlegar áskoranir og tækifæri á vettvangi þeirra borgar sem bundist hafa samstarfsböndum á vettvangi Cities Coalition for Digital Rights má draga saman í eftirfarandi fimm megin reglur:

- Jafnt og alhliða aðgengi að veraldarvefnum og stafrænt læsi
- Persónuvernd, gagnavernd og gagnaöryggi
- Gagnsæi, áreiðanleiki og jafnræði gagna, efnis og algríma
- Þátttökulýðræði, fjölbreytileiki og heildræn nálgun
- Opnir og siðferðilslega viðurkenndir stafrænir þjónustustaðlar

Reglurnar fimm sækja innblástur sinn til the Internet Rights and Principles Dynamic Coalition sem er hluti af the UN Internet Governance Forum en í viðleitni sinni hafa borginar innan Cities Coalition for Digital Rights einnig notið liðsfylgi the United Nations Human Settlements Programme (UN-Habitat), United Cities and Local Governments (UCLG) og Eurocities, en borgirnar innan síðastnefndu samtakanna eru samstilltar í því markmiði að efla stafræn réttindi borgara sinna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem skilað hafa beinum virðisauka má nefna skrá yfir algrím sem borgirnar nota í starfsemi sinni og eftirlit með þróun og mati á líftölfræðigögnum sem meðal annars hefur nýst mörgum borgum vel í baráttunni við Covid-19.

#### *Samantekt :*

Stafrænn veruleiki er kominn til að vera. Stafræn umbreyting verður eitt megin viðfangsefni Reykjavíkurborgar á næstu árum, og helst hún í hendur við þjónustubreytingu sem á sér stað víðast hvar í borgum annarsstaðar í heiminum. Þekkingarmiðlun á milli Reykjavíkurborgar og annarra borga verður bæði mikilvæg og nauðsynleg í þessari vegferð þar sem fordæmin eru fá í nærumhverfinu, á þeim skala og að því umfangi sem vegferð Reykjavíkurborgar kallar á. Mikilvægt er að sækja reynslu og aðferðir þangað sem þær hafa verið reyndar, læra af áskorunum og sigrum annarra borga og samhæfa og samræma almenna umleitan og aðgerðir.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 10. maí 2021.

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, dags. 29. apríl 2021.



Borgarráð

***Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra um aðild Reykjavíkurborgar að Cities Coalition for Digital Rights***

Þann 15. apríl 2021, óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, um tillögu borgarstjóra um aðild Reykjavíkurborgar að Cities Coalition for Digital Rights.

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 6. maí 2021, var samþykkt meðfylgjandi umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs dags. 29. apríl s.l., um tillöguna, sbr. 7. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d. Fulltrúi Flokks fólksins sat hjá.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarstjóri hefur lagt til að hann verði fulltrúi í bandalaginu Cities Coalition for Digital Rights og sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs staðgengill. Umsagnarbeiðni (drög) er lögð fram í mannréttindaráði til samþykktar eða synjunar. Ekki fylgja upplýsingar um hvort þetta skapi einhvern kostnað t.d. hvort borgarstjóri hyggist leggja land undir fót til að mæta á fundi? Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að vel er hægt að taka þátt í bandalaginu í gegnum fjarfundi. Sjálfsagt er að fylgjast með en minnt er á að Reykjavíkurborg er ekki hugbúnaðarfyrirtæki heldur sveitarfélag sem hefur skuldbindingar gagnvart fólkinu. Finna má nú þegar dæmi um snjalllausnir sem komnar eru í notkun í öðrum stofnunum og sem Reykjavíkurborg gæti nálgast og aðlagð að þjónustubörfum borgarinnar. Svið borgarinnar vita best hvað þau þurfa og hvernig sú aðlögun þarf að vera. Þetta gera aðrar stofnanir og það fyrir brotabrot af því fjármagni sem sett hefur verið í stafræna umbreytingu sem eru 10 milljarðar. Fulltrúi Flokks fólksins hvetur til þátttöku borgarstjóra í þessu áhugaverða bandalagi í gegnum snjallausnir/fjarfundi og umfram allt að reyna að læra sem mest af öðrum. Þótt fulltrúi Flokks fólksins styðji prinsippið enda hér aðeins um drög að ræða styður hann engin fjárútlát sem munu tengjast þessu svo það sé alveg skýrt.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs dags. 29. apríl 2021  
Tillaga borgarstjóra dags. 25. mars 2021

---



29. apríl 2021  
R21030289

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

---

**Efni:** Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um tillögu borgarstjóra um aðild Reykjavíkurborgar að Cities Coalition for Digital Rights

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar framkominni tillögu borgarstjóra um að Reykjavíkurborg gerist aðili að hinu alþjóðlega samstarfi Cities Coalition for Digital Rights. Þessi samtök margra af framsæknustu borga heimsins ávarpa þær hröðu umbreytingar sem eru að verða á umhverfi borgara um allan heim þar sem sífellt stærri hluti af lífi fólks er að flytjast í stafræna heima. Samtökin hafa skuldbundið sig til að nýta tæknina til að bæta líf fólks og styðja samfélög í borgum með því að veita áreiðanlega og örugga stafræna þjónustu og byggja upp trausta upplýsingatækniinnviði. Þessi markmið snerta alla fleti þeirra málefna sem mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð hefur forystu um að gæta að og vinna brautargengi innan Reykjavíkurborgar.

Stafræn umbreyting, nútímavæðing þjónustu og uppbygging öruggra upplýsingatækniinnviða er og verður líkt og annars staðar, eitt megin verkefni borgarinnar á næstu árum. Gríðarlega mikilvægt er að mannréttindi og lýðræði séu grunnstoð í þessari byltingu sem þegar er hafin, ekki aðeins í fyrirtækjum og stofnunum Reykjavíkurborgar heldur einnig á alþjóðavísu. Aðild að þessu samstarfi gefur borginni tækifæri til að sækja þekkingu til annarra borga en að sama skapi deila þeirri mikilvægu reynslu sem Reykjavíkurborg býr yfir á þessu svið, t.d. hvað varðar íbúalýðræði. Að sama skapi fær borgin í þessu samstarfi tækifæri til að hafa áhrif á þróun þessara mikilvægu mála á heimsvísu.

Hið stafræna umhverfi á sér engin landamæri, hvorki alþjóðleg né önnur huglægari. Stafræn mannréttindi borgaranna verða að vera leiðarljósið í þeirri vegferð sem framundan er en síðustu misseri hafa kennt okkur og heiminum öllum að stafræn mannréttindi eru ekki sjálfgefin frekar en önnur mannréttindi. Netárásir á stofnanir og fyrirtæki, sala samfélagsmiðla á persónuupplýsingum til fyrirtækja, miðlun ólöglegs myndefnis sem brýtur á friðhelgi einkalífsins, dreifing hatursáróðurs, stafrænt ofbeldi og einelti, netnjósnir og þjófnaðir á hugverkum, svo eitthvað sem nefnt, hefur aukist hraðar á tímum COVID-19 en nokkru sinni fyrr. Nefna má að vöxtur netglæpa á milli árána 2019 og 2020 er metinn 78% á heimsvísu.

Borgir, fyrirtæki og stofnanir um allan heim standa að sumu leyti vanmáttugar frammi fyrir þessari alþjóðlegu ógn sem er í sífelltri þróun og á sífellt stærri skala. Erfiðara og erfiðara verður að tryggja vernd og réttindi einstaklinga og friðhelgi einkalífsins. Sem ábyrgri lýðræðisstofnun má því segja að Reykjavíkurborg beri skylda til að taka þátt í bandalagi



29. apríl 2021  
R21030289

borga á alþjóðavettvangi og taka höndum saman um að vernda, efla og viðhalda stafrænum mannréttindum borgara sinna og leysa sameiginlegar áskoranir.

Cities Coalition for Digital Rights býður upp á vettvang borga sem hafa skuldbundið sig til að nýta tæknina til að bæta líf fólks og styðja samfélög í borgum með því að veita áreiðanlega og örugga stafræna þjónustu og byggja upp trausta upplýsingatækniinnviði. Þekkingarmiðlun milli borga er lykilatriði og mikilvægt er að sækja hingað til lands reynslu og gagnreyndar aðferðir, læra af sigrum annarra borga og samhæfa aðgerðir.

Reykjavíkurborg hefur getið sér alþjóðlegt nafn sem öflug og framsækin mannréttindaborg sem vilar ekki fyrir sér að beita sér í þágu borgaralegra réttinda. Hér á hún ekki að láta sitt eftir liggja.